

Ályktun, samþykkt á fundi Umferðarráðs, 9 júní 2005

Umferðarráð ályktar að stórátak þurfi að gera í því að stemma stigu við hverskonar ólöglegum akstri torfærubífhjóla, sem og utanvegaakstri á þessum tækjum.

Umferðarráð bendir á að ökumenn torfærubífhjóla verði að fara að lögum ekkert síður en aðrir ökumenn vélknúinna ökutækja. Sérstaklega á þetta við um ökuréttindi, skráningu, tryggingar og náttúruvernd.

Umferðarráð er nú sem fyrr þeirrar skoðunar að áhugamenn um torfæruakstur fái úthlutað sérstökum svæðum til að stunda íþrótt sína, að því tilskildu að þeir fari að lögum og reglum. Umferðarráð beinir sérstaklega hvatningu til sveitarfélaga í þessum efnum.

Umferðarráð skorar á lögregluþyrifvöld að framfylgja lögum og reglum um akstur torfærubífhjóla.